

Einstefnuakstur verður á húsagötu Háaleitisbrautar frá húsinu nr. 14—18 í suðaustur að húsinu nr. 32—36 þar sem akbrautin mjókkar vegna gangbrautar. Að öðru leyti verður tvístefnuakstur á húsagötunni.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. janúar n.k. og fellur þá jafnframt úr gildi 1. töluliður auglýsingar um umferð í Reykjavík frá 2. janúar 1978.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1979.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hafnarfirði:

- a. Á Lækjarkinn er einstefna frá suðri til norðurs.
- b. Umferð um Lækjargötu nýtur forgangs fyrir umferð um Lækjarkinn (biðskylda.)
- c. Umferð um Arnarhraun nýtur forgangs fyrir umferð vestur Tjarnarbraut (biðskylda.)
- d. Umferð um Hraunbrún nýtur forgangs fyrir umferð um Hraunvang (biðskylda.)

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 8. janúar 1979.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp á Selfossi.

1. gr.

Félagsmálaráð Selfoss fer með stjórn heimilishjálpar á Selfossi í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt er félagsmálaráð eða félagsmálastjóri metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlega margt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálastjóra ber að ganga örugglega úr skugga um að starfslið það sem heimilishjálp stundar á vegum stofnunarinnar sé hæft til